

# LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta  
The National Union of Icelandic Students  
Established 2013



Reykjavík, 1. desember 2019

## Umsögn LÍS um frumvarp um Menntasjóð námsmanna, 329. mál.

Í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna, hér eftir MSN, sem ætlað er að komi í stað núverandi Lánasjóð íslenskra námsmanna, hér eftir LÍN, eru lagðar fram talsverðar breytingar frá núverandi námslánakerfi. Meðal annars innleiðingu beins styrkjakerfis, breyttum vaxtakjörum og breytingu á lánsrétti, svo lítið sé nefnt. LÍS bera von í brjósti sér um að Menntasjóður námsmanna geti leitt til nauðsynlegra úrbóta í lánasjóðsmálum og er frumvarpið gott fyrsta skref, þó ganga megi lengra. Breytingarnar sem LÍS leggja til hér yrðu til þess að frumvarpið verði hagstæðara fyrir stúdenta og skapi grunn fyrir framfarir á högum stúdenta. Stúdentar eru stærstu hagsmunaaðilar frumvarpsins og gæti MSN ekki sinnt hlutverki sínu nema sjóðurinn gagnist þeim fjölbreytta hópi sem stúdentar skipa. Umsögnin er að miklu leyti byggð á umsögn LÍS vegna frumvarpsdraga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, hér eftir SÍN, sem kom inn á Samráðsgátt stjórnvalda í sumar.

### Breytt vaxtakjör

Í frumvarpinu taka lánakjör námsmanna miklum breytingum í samanburði við núverandi lánasjóðskerfi. Lánþegum stendur til boða að velja á milli verðtryggðs og óverðtryggðs láns og vextir skulu vera breytilegir og byggja á vaxtakjörum sem ríkissjóði bjóðast á markaði að viðbættu föstu vaxtaálagi.

Í greinargerð um 17 gr. kemur fram að áfram verði lánakjör námsmanna töluvert hagstæðari en lánakjör sem almennt bjóðast á lánamarkaði til einstaklinga, enda byggja grunnvextir á sömu fjármögnunarkjörum og ríkissjóður fær á markaði. Þó ber að taka fram að vaxtakjör ríkissjóðs hafa sjaldan verið jafn hagstæð og nú. Fastlega má gera ráð fyrir sveiflum þar á. Nokkuð ljóst er að þeir stúdentar sem koma verst út úr nýju kerfi eru þeir sem hljóta ekki 30% niðurfellingu á höfuðstól lána vegna hækkunar vaxta miðað við núverandi kerfi. Sömuleiðis munu tekjulægstu einstaklingarnir sem hafa ekki tækifæri til þess að greiða námslánin niður með tekjutengdri afborgun þurfa að taka á sig þyngri greiðslubyrði en aðrir.

Í 3. mgr. 17. gr. er aðeins settur varnagli á að ef vaxtakjör á verðtryggnu láni fari yfir 4% með föstu vaxtaálagi þá verði skipuð þriggja manna nefnd sem fer yfir ástæður þess og leggur til við ráðherra mögulegar útfærslur á breytingum. Sama ákvæði kemur fram í 18. gr. í tengslum við óverðtryggða vexti nema þá er um að ræða 9%. LÍS telja að æskilegra væri að setja þak á vexti. Í núverandi kerfi eru vextir af lánum sjóðsins breytilegir samkvæmt lögum þess en þó aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar og leggja LÍS til að þetta ákvæði haldist inni fyrir verðtryggð lán og að svipað hámark verði sett fyrir óverðtryggð lán. LÍS telja að hér sé tækifæri fyrir Alþingi að fjárfesta í menntun og sýna fram á mikilvægi þess fyrir þjóðfélagið. Það hefur verið markmið ríkisstjórnar að blása til stórsóknar í menntamálum enda skilar hver króna sem stjórnvöld greiða til náms á háskólastigi sér áttfalt til baka. Sé hlutverk sjóðsins raunverulega að jafna tækifæri til náms þá hlýtur það hlutverk að fela í sér stuðning í formi niðurgreiðslna á fjárhagslegri byrði námsmanna.

Óháð tillögu LÍS um þak á vexti þá telja LÍS að í lögum um Menntasjóð ætti að vera heimildarákvæði til handa ráðherra sem kveður á um að stofna megi til nefndarinnar jafnvel þó vextir hafi ekki náð því hámarki sem kveðið er á um í lögnum. Þá krefjast LÍS þess að fyrrnefndu hámarki verði breytt í 3% á verðtryggðum lánum og 7% á óverðtryggðum.

LÍS ítreka að það er einnig óljóst hvaða ráðstafana fyrrnefnd nefnd getur gripið til. Ákvæðið getur skapað falskt öryggi og telja LÍS lykilatriði að valdheimildir nefndarinnar séu skýrar svo hún þjóni tilgangi sínum. LÍS telja að ákvörðun af þessu tagi verði að vera tekin með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi. Það verður að vera skýrt að grípa þurfi inn í ef efnahagslegt umhverfi breytist til hins verra. LÍS leggja enn fremur til að samtökin tilnefni einn stúdent í nefndina ásamt tilnefningum ráðherra.

## **Lánsréttur**

Ár hvert þegar úthlutunarreglur LÍN eru endurskoðaðar leggja stúdentar mikla vinnu í að berjast fyrir bættum kjörum stúdenta innan, sem og utan, stjórnar LÍN. Stúdentar telja að stjórn LÍN hafi haft of mikið frelsi varðandi úthlutunarreglur sjóðsins og hafa stúdentar kallað eftir auknum stöðugleika með því að festa tiltekin atriði í lög nýs sjóðs. Í fyrri frumvarpsdrögum, þá um SÍN, var settur skýrari rammi utan um úthlutunarreglur sjóðsins varðandi lánsrétt og lágmarks námsframvindukröfur, sem stúdentar fögnuðu<sup>1</sup> 2. Í frumvarpi um MSN hefur 4. gr. um lánsrétt hins vegar tekið breytingum. Í stað þess að ekki megi mæla fyrir um lægri lánsrétt en 420 ECTS

<sup>1</sup> Sjá 4. gr í frumvarpsdrögum um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna

<sup>2</sup> Sjá 14. gr í frumvarpsdrögum um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna

einingar í heild til handa námsmanni hefur lánsréttur verið takmarkaður við 420 ECTS einingar eða ígildi þeirra. Þetta samræmist ekki stefnu stúdenta sem hafa endurtekið óskað eftir hærri lánsrétti síðastliðin ár. LÍS krefjast þess að greinin verði endurskoðuð. Vegna fyrrnefndrar breytingar geta LÍS ekki með sönnu glaðst yfir því að hámarkstími barnastyrks fylgi nú lánsrétti lánþega, í stað þess að vera veittur aðeins að hámarki í 96 mánuði sem var lagt til í frumvarpi um SÍN. Samtökin gagnrýndu í umsögn sinni vegna frumvarpsdraga um SÍN að hámarkstími barnastyrks væri 96 mánuðir þar sem það jafngildir aðeins 480 ECTS einingum vegna þess, eins og áður hefur komið fram, að stúdentar hafa endurtekið kallað eftir hærri lánsrétti síðastliðin ár.

### **Undanþágur frá lágmarks námsframvindukröfum**

Samkvæmt 13. gr. mun það liggja í höndum sjóðsstjórnar að mæla fyrir um framkvæmd undanþága frá kröfum um lágmarksnámsframvindu. Skilgreindar undanþágur frá kröfum um námsframvindu teljast ekki til seinkunar skv. 14. gr. og því er ljóst að mikið er í húfi fyrir stúdent þegar hann sækir um undanþágu. Í umsögn LÍS vegna frumvarpsdraga um SÍN lögðu samtökin áherslu á að það megi ekki ríkja óvissa um hvort stúdent falli undir tilteknar undanþágur vegna breytinga á úthlutunarreglum, heldur þarf ramminn að vera eins skýr og mögulegt er í lögum. Við greinina hefur verið bætt tveimur þáttum sem veitt geta undanþágu frá lágmarks námsframvindukröfum, sem eru lesblinda og sértækir námsörðugleikar, sem er jákvætt. Þó hefur verið tekið út að veita megi undanþágu vegna framfærslu maka eða barna. Samtökin gera sér grein fyrir því að lánþegar geta sótt um viðbótarlán vegna framfærslu maka og að styrkur verði veittur vegna framfærslu barna, en telja samtökin að öruggara sé að halda ákvæðinu inni ef ske kynni að aðstæður komi upp sem leiða til þess að lánþega sé vandkvæðum bundið að uppfylla kröfur um lágmarks námsframvindu, eins og til að mynda ef barn eða maki veikjast. LÍS leggja enn fremur til að það verði sett lagastoð utan um undanþágur fyrir flóttafólk og innflytjendur sem þurfa að fara í viðbótarnám til að fá viðurkenningu á fyrra námi en ná ekki að uppfylla lágmarks námsframvindukröfur.

### **Endurgreiðslur námslána**

Í 19. gr. kemur fram að endurgreiðslur námslána muni hefjast einu ári eftir námslok. Ef námsmaður heldur hins vegar áfram aðstoðarhæfu námi þá getur hann sótt um að fresta námslokum í allt að fjögur ár, en í frumvarpsdrögum um SÍN gat námsmaður frestað námslokum í allt að sex ár. Rökstuðning skortir fyrir fyrrnefndri breytingu í greinargerð og sjá LÍS ekki ástæðu til þess að breyta greininni. Einnig geta árin eftir námslok verið fólki fjárhagslega erfið og krefjast LÍS þess að fleiri undanþágur standi lánþegum til boða til þess að fresta upphafi endurgreiðslna.

Það er þó til bóta frá núverandi kerfi að afborgun lána fari fram mánaðarlega eins og kemur fram í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins.

### **Misvísandi orðanotkun**

Námslok samkvæmt 19. gr. teljast frá þeim tíma þegar námsmaður hættir að þiggja námslán frá MSN, en stjórn sjóðsins úrskurðar um vafatilfelli. Notkun orðsins námslok er misvísandi og gefur til kynna að afborgun lána hefjist þegar námi lýkur. LÍS telja að breyta þurfi þessari orðanotkun og skýra þar með hvenær afborganir lána hefjast.

### **Þjónustuhlutverk MSN**

Í greinargerð um 20. gr. kemur fram að námsmönnum verði veittar upplýsingar um hver greiðslubyrðin verði af námslánum miðað við uppgefnar forsendur. LÍS vilja einnig koma á framfæri mikilvægi þess að MSN bjóði stúdentum upp á ráðgjöf og aðstoð við að velja á milli verðtryggðs og óverðtryggðs láns eftir námslok og muni hafa skýrar upplýsingar um efnið á vef sínum. MSN ætti að leitast við að veita bestu þjónustu sem mögulegt er með skýru og öflugu upplýsingaflæði. Stórefla þarf rafræna þjónustu sjóðsins. Þá er ánægjulegt að sjá að ekki er lengur vísað til þess í greinargerð að eitt af markmið frumvarpsins sé að efla fjármálalæsi ungs fólks.

### **Tekjutenging**

Í 21. gr. kemur fram að lánþegi geti valið að endurgreiða námslán með tekjutengingu séu námslok hans áður eða á því ári er hann nær 35 ára aldri. Í greinargerðinni kemur fram að ákvæðið sé til staðar til að koma til móts við sjónarmið sem fram hafa komið í samfélaginu um að halda tekjutengingu námslána með einhverjum hætti áfram. Einnig kemur fram að við kostnaðarmat á frumvarpinu hafi komið í ljós að yngsti mögulegi aldur hvað varðar tekjutengingu væri 35 ára til að tekjutengd endurgreiðsla námslána gæti staðið undir sér. LÍS fundu ekki rökstuðning við fyrrnefndri staðhæfingu í kostnaðarmatinu sem er gagnrýnisvert. LÍS óska eftir því að litið verði til aðstæðna hvers og eins og ef einstaklingur hefur náð 35 ára aldri en getur þó vegna upphæðar lánsins borgað það fyrir 65 ára aldur með tekjutengdri afborgun þá eigi hann að hafa tækifæri til þess.

### **Framfærsla námsmanna erlendis**

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að framfærslulán námsmanna erlendis skuli miða við að þau nægi hverjum námsmanni til að standa straum af almennum framfærslukostnaði á Íslandi meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns og búsetu. Þessi breyting myndi

gera það að verkum að framfærsla námsmanna verði almennt sú sama á Íslandi og erlendis. Eins og staðan er í dag er framfærslukostnaður að jafnaði hærri á Íslandi en víðast hvar erlendis. Þó eru undantekningar þar á en í þeim tilvikum stendur námsmönnum til boða að taka viðbótarlán. Tryggja þarf að viðbótarlánið nægi hverjum og einum í raun til þess að engin komi verr út úr nýju kerfi.

### **Ferðalán til námsmanna erlendis**

Í frumvarpinu er einungis að finna heimild til ferðalána í 3. gr. en ekki er um að ræða skyldu fyrir stjórn MSN. Það er grundvallaratriði fyrir námsmenn erlendis að þeim séu veitt ferðalán svo þeir eigi sömu tækifæri og aðrir námsmenn til að vinna sér inn tekjur um sumarið enda mun almennt vera lánað fyrir framfærslu í 9 mánuði samkvæmt frumvarpinu. Þannig eiga námsmenn erlendis oft litla möguleika á að finna sér vinnu erlendis auk þess sem í sumum tilvikum eiga þeir hreinlega ekki kost á atvinnuleyfi. LÍS krefjast þess að sjóðstjórn sé skylt að veita ferðalán.

### **Lágmarkssjálfsaflafé námsmanna**

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins um framfærslu- og skólagjaldalán er tekið fram að nánar skuli mæla fyrir um framkvæmd greinarinnar í úthlutunarreglum sjóðsins og þar með talið lágmarkssjálfsaflafé námsmanna, þ.e. þá lágmarksfjárhæð sem námsmenn þurfa sjálfir að greiða af skólagjöldum án þess að fá fyrir því lán. LÍS telja óásættanlegt að heimild sé til þess að skylda námsmenn um ákveðið lágmarkssjálfsaflafé. Með þessu er ekki verið að tryggja jafnt aðgengi að námi óháð fjárhag, sérstaklega með það til hliðsjónar að 34% íslenskra háskólanema telji fjárhagsstöðu sína annað hvort alvarlega eða mjög alvarlega<sup>3</sup>.

### **Framfærsla námsmanna**

LÍS gera athugasemdir við að frumvarpið boðar engar breytingar handa sjóðsstjórn vegna ákvörðun grunnframfærslu. Þvert á móti leggur frumvarpið upp með að framkvæmd stjórnar hingað til sé sú framkvæmd sem megi vænta af sjóðsstjórn í nýju kerfi. Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að markmiðið sé að gera öllum stúdentum kleift að framfleyta sér. Þar sem engar breytingar eða fyrirmæli koma fram til stjórnar vegna framfærslulána í nýju kerfi er hér tapað færi á að krefja stjórn um endurskoðun þeirra svo stúdentum verði raunverulega gert kleift að framfleyta sér í námi. Því til viðbótar má benda á að frumvarpið boðar ekki neinar efnislegar breytingar á hlutverki eða markmiði sjóðsins. Þar af leiðandi er sjóðsstjórn ekki skylt að

<sup>3</sup> Sjá greinargerð frumvarps um Menntasjóð námsmanna, bls. 13.

endurskoða framkvæmd sína til að tryggja framfærslu stúdenta og aðgengi að námi frekar en gert er með gildandi lögum.

### **Mánaðarlegar greiðslur**


LÍS fagna því að skv. 11 gr. geta lánþegar valið um hvort námslán þeirra séu greidd út mánaðarlega eða í lok hvernar annar. Það er ólíðandi með öllu að stúdentar þurfi að hafa viðskipti við banka til þess að brúa bilið fram að afgreiðslu námslána eins og í núverandi kerfi en einungis samtímagreiðslur geta hindrað það með öruggum hætti.

### **Styrkveiting sjóðsins**

LÍS fagna innleiðingu beins styrkjakerfis enda hafa stúdentar lengi beðið eftir styrkjakerfi byggt á einhverjum þeirra fyrirmýnda sem finnast á Norðurlöndunum. Þá fagna samtökin sérstaklega 15. gr. frumvarpsins um styrk vegna framfærslu barna enda væri innleiðing þess mikið framfaraskref. Ánægjulegt er að sjá að meðlagsgreiðendur geta nú einnig hlotið styrk fyrir framfærslu barna, ólíkt því sem var í frumvarpi um SÍN. Hlutverk MSN yrði að starfa sem félagslegur jöfnunarsjóður<sup>4</sup>. Fyrirnefnd styrkveiting er mikilvægt skref til að tryggja virkni sjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður og sömuleiðis auka jafnt og opið aðgengi að námi fyrir alla, þó enn sé mikið verk fyrir höndum. Eitt af hlutverkum sjóðsins er nú að veita námsmönnum námsstyrki og líta samtökin svo á að frumvarpið sé aðeins fyrsta skrefið í gerð styrkjakerfis á Íslandi. Betur má ef duga skal, þá sérstaklega ef bæta á kerfið fyrir lánþega í námi en ekki einungis greiðendur.

Ljóst er að núverandi kerfi þjónar ekki tilgangi sínum og er löngu tímabært að nýtt og betrubætt kerfi líti dagsins ljós. Menntun er grundvallarstoð atvinnu og nýsköpunar í landinu og nauðsynlegt er að aðgengi allra þjóðfélagshópa þar að sé tryggt, óháð bakgrunni og aðstæðum. Frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna er óneitanlega skref í rétta átt. Engu að síður er mikilvægt að gangast við því að enn er mikil vinna fyrir höndum áður en hlutur stúdenta er réttur við á fullnægjandi hátt og að fyrirnefnd markmið náist.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdentna



Sigrún Jónsdóttir  
Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta

<sup>4</sup> Sjá 29. gr. í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna